

um frumvarp til laga um löggilta vigtarmenn

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Háttvirt neðri deild Alþingis hefir vísað til Sjávarútvegsnefndar deildarinnar frumvarpi til laga um löggilta vigtarmenn og leyfir nefndin sjer að láta uppi álit sitt um nefnt frumvarp.

Þar sem það er nú mjög farið að tíðkast, að framleiðendur hjer á landi, eða kaupskýslumenn selji vöru sína til útlendra kaupenda, hjer við land á skipsfjöli, eða eins og það er nefnt á verslunarmálinu: »fob«, þá virðist nauðsynlegt, að hjer á landi sjeu skipaðir löggiltir vigtarmenn, er gefi vottorð um, að vigt vörunnar sje sú, sem farmskrár og sölureikningar greina. Er þetta trygging fyrir kaupanda og getur sparað seljanda óþarfa tortryggni og aðfinslur frá hendi kaupanda. Sjálfsagt þykir að slíkir menn sje eiðsvarnir og hefir því nefndin lagt til, að svo sje ákveðið í lögunum. Þótt nefndin geti fallist á, að lögreglustjórar tilnefni vigtarmennina hver í sínu umdæmi, þá telur hún þó heppilegra að Stjórnarráðið gefi þeim erindisbrjef, með því að þá yrði fullkomið samræmi milli þeirra. Þá telur og nefndin sjálfsagt, að vigtarmennirnir hafi stimpla, er þeir setji á vottorð þau, er þeim er skylt að láta fylgja hverri vörusending, er þeir hafa vegið. Virðist rjett að landssjóður beri kostnað þann, er af því leiðir, svo sem verð stimplanna, sending þeirra o. s. frv.

Nefndinni þótti rjett, að taka það fram í lögunum sjálfum, að vottorð vigtarmanna væri full sönnun, gagnvart kaupanda, um þyngd þess, er vegið er.

Til umtals kom í nefndinni, hvort eigi mundi ástæða til að fela slíkum eiðsvörnum mönnum að mæla og gefa vottorð um rúmmál vöru, er send væri, eða send kynni að verða til útlanda, eftir rúmmáli. En bæði er það, að til þess þarf meiri þekkingu en alþýðumenn hafa alment og hins vegar mun alls engin vara hjeðan af landi seld á þennan hátt. Meiri ástæða gæti verið til að krefjast vottorðs þeirra um talda vöru, svo sem lambaskinn og refa, þótt nefndin hafi eigi gert það að tillögu sinni

Nefndin leggur því eindregið til, að háttvirt neðri deild Alþingis samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. grein:

Á eftir orðinu »löggiltir«, í fyrstu línu greinarinnar komi: eiðsvarnir.

Í þriðju línu sömu greinar falli burt orðið »og« en í þess stað komi: en Stjórnarráðið.

Aftan við greinina bætist svohljóðandi setning:

Landsjóður leggur þeim til stimpla og greiðist kostnaðurinn úr lands-
sjóði.

Við 2. grein.

2. grein verði 3. grein, en í hennar stað komi ný grein, er verði 2. grein,
og hljóði svo:

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

Við 3. grein.

3. grein verði 4. grein.

Neðri deild Alþingis, 28. júlí 1915

G. Eggerz,
form.

Matth. Ólafsson,
skrifari.

Skúli Thoroddsen.

M. J. Kristjánsson.

Sigurður Gunnarsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Þórarinn Benediktsson.